

Sp.

878. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Ásgeirsson, Barði Guðmundsson, Haraldur Jónasson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkisins jörðina Þórustaði í Ölfusi fyrir það verð, er um semst við Búnaðarbankann.

G r e i n a r g e r ð .

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur borizt erindi það, er hér með fylgir, varðandi jörðina Þórustaði í Ölfusi. Hefur okkur, sem nefndina skipum, komið saman um að leggja til, að ríkisstjórninni sé heimilað að kaupa þessa jörð, og því er tillagan flutt. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi fylgiskjala.

Fylgiskjal I.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 14. sept. 1944.

Ráðuneytið sendir hér með háttvirtri landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis til athugunar og frekari aðgerða, ef ástæða þykir til, hjálagt bréf bankastjóra Búnaðarbankans, dags. 5. f. m., með tveimur fylgiskjölum, þar sem bankastjórinn tilkynnir, að bankinn vilji selja ríkissjóði jörðina Þórustaði í Ölfusi, sem er eign bankans.

Þetta ráðuneyti telur mjög æskilegt, með tilliti til þeirrar samfelldu ræktunar, sem ráðgerð er á jörðum ríkisins í Ölfusi, að ríkissjóður eignaðist jörðina Þórustaði.

Búnaðarbankinn hefur tjáð ráðuneytinu, að ef ríkið kaupi ekki jörðina, þá verði hún seld öðrum.

Eru litlar líkur til, að ríkið gæti eignast jörð þessa fyrir aðgengilegt verð, eftir að hún væri komin í hendur einstaklinga.

Jörð þessi mundi að líkindum, eins og fleiri hlunnindajarðir, lenda í braski.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 5. ágúst 1944.

Fyrir nokkrum árum lenti jarðeignin Þórustaðir í Ölfusi í eign Búnaðarbankans. Að áeggjan ríkisstjórnar þeirrar, er þá sat, búnaðarmálastjóra og stjórnar Nýbýlasjóðs seldi bankinn ekki jörðina. Hafði ríkissjóður þá nýlega eignast aðliggjandi jarðir, og var talið heppilegt og rétt, að hann ætti einnig þessa jörð.

Er jörðin kom í eigu bankans, var hún svo að segja húsalaus. Bankinn hefur síðan byggt þar íbúðarhús, 1000 hesta hlöðu og peningshús, allt mjög vandaðar byggingar og dýrar, eins og vænta má.

Jörð þessi liggur mjög vel, hvað snertir samgöngur o. fl. Allt land er samfellt graslendi, að miklu leyti þurrhent, grasgefið, hæfilega hallandi móti suðri og sérstaklega auðvelt til ræktunar. Tún er mikið til slétt og gefur af sér í meðalári ca. 400 hesta af töðu, en heyskapur er alls um 1000 hestar, þar af nokkuð flæðihey. Jörðin á land að Ölfusá og á rétt til laxveiði í henni. Fasteignamat jarðarinnar er kr. 14800.00, en það mat fór fram, áður en hús þau, er að framan getur um, voru reist.

Þórustaðir eru eina jörðin, sem bankinn á, og hefði hann að sjálfsögðu selt hana fyrir löngu, ef ekki hefði svo staðið á sem áður er sagt, þ. e. að nauðsynlegt var talið, að ríkið eignaðist hana.

Nú hefur jafnan dregið, að mál þetta yrði tekið til endanlegrar athugunar og frá kaupum gengið. Bankinn er enn sem fyrr reiðubúinn til að ganga frá þessu fyrir sitt leyti og æskir þess, að það mætti verða sem fyrst. Gæti hins vegar ekki orðið úr þessum kaupum, mun bankinn snúa sér að því að selja öðrum jörðina. Söluverð yrði það, sem hún stendur bankanum nú í, og mundu að sjálfsögðu verða lögð fram skilríki fyrir því, hverju það nemur, um leið og afsal yrði gefið út.

Þóknanlegt svar hins háa ráðuneytis óskast sem fyrst og helst eigi síðar en 20. þ. m.

Virðingarfyllt.

Búnaðarbanki Íslands.

Hilmar Stefánsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Bankastjóri Búnaðarbankans hefur óskað eftir því, að ég undirritaður léti í ljós álit mitt um það, hvort jarðeignin Þórustaðir í Ölfusi, sem nú er eign bankans, ætti að mínum dómi að vera í opinberri eign framvegis.

Út af þessu vil ég leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Fyrir nokkrum árum var ég í nefnd ásamt Ingimar Jónssyni skólastjóra og Valtý Stefánssyni ritstjóra, sem gerði tillögur fyrir ríkisstjórnina um kaup á jörðum í þeim tilgangi, að síðar meir yrði þar ráðizt í samfellda ræktun. Nefndin lagði til, að jarðirnar Hvammur, Kirkjuferja, Kirkjuferjuhjáleiga og Þórustaðir yrðu keyptar og jafnvel Árbær og Hellir einnig. Á Alþingi var sniðið svo af þessum tillögum, að einungis þrjár fyrstnefndu jarðirnar voru keyptar.

Ég er enn sama sinnis og þá, að sjálfsagt sé, að ríkið eignist Þórustaði og skipuleggi þurrkun og ræktun á þeirri jörð samhliða hinum jörðunum. Af þessum ástæðum legg ég eindregið til, að ríkið eignist Þórustaði.

Reykjavík, 24. ágúst 1944.

Steingr. Steinþórsson.

Fylgiskjal IV.

Bankastjóri Búnaðarbankans hefur óskað eftir áliti mínu á því, hvort æskilegt væri, að jörðin Þórustaðir í Ölfusi, sem Búnaðarbankinn á nú, en hefur ákveðið að selja, komist í eign ríkissjóðs.

Svo sem kunnugt er, liggur jörðin Þórustaðir áfast við allstóra jarðatorfu, sem er ríkiseign og ráðgert er að reisa á nýbýli, þegar stundir liða. Vegna legu sinnar og mikilla ræktunarmöguleika eru Þórustaðir því ákaflega mikilsverð viðbót við landið, sem ríkissjóður á þarna, og eykur þar af leiðandi mjög verulega skilyrði til nýbýlamyndunar á þessum stað.

Það er eindregið álit mitt, að áriðandi sé, að ríkissjóður sleppi ekki því tækifæri, sem nú er fyrir hendi, til þess að eignast þessa jörð, því að ella er líklegt, að hún komist í einkaeign og lendi í gróðabralli, eins og gerzt hefur um nokkrar jarðir á þessum slóðum, til stórtjóns fyrir fólkið, er síðan hefur þurft að nota landið.

Reykjavík, 10. september 1944.

Jens Hólmgeirsson.